

dæmir, nefnist einu orði hjátrú og hindurvitni. Þetta er óumflýjanlegt, og ætti kyrkja vor að gefa því betri gaum, en hún hefir gjört hingað til.

*

Til þessa höfum vér eingöngu haldið oss við útskýringu hjátrúarinnar, en ekki nefnt á nafn töfра og fjölkynghi, enda leiðir hið síðara af hinu fyrra. Hjátrú er fræðikenningin, fjölkyngin og töfrarnir hið verklega, er beinlínis út af henni leiðist, á svipaðan hátt eins og t. d. hin útvortis guðsbjónusta sprettur af hinni innri, af ákveðnum hugmyndum um guðdóminn.

Trúi menn því eitt sinn, að til sé vættir eða andar, kröftum gæddir, að menn geti keypt þá eða neytt þá til að lúta sér og láta í té það, er eigi fæst með öðru móti, þá vilja menn, er svo ber undir, með öllu móti útvega sér þessi hlunnindi, en slíkt verður að eins með því, er vér nefnum töfра og fjölkyngi.

Sama er, ef menn trúa, að andar þessir sé illir í sér, þá vilja menn með ráðum og meðöllum hindra þá frá að vinna sér tjón, og útheimtist þá einnig til þessa töfrar og fjölkyngi. Trúi menn því, að allt, sem viðberi í heiminum, sé ákveðið af gangi stjarnanna, þá er eigi svo lítið í það varið, að þekkja það, lesa út og kveða á um forlög manna t. d. af samstirning þeirri, sem á sér stað, er maðurinn fæðist, en það eru líka töfralistir og fjölkyngi.

Í stuttu máli: sérhver athöfn, sem rót sína á að rekja til og sprettur af hjátrúnni, er fjölkyngi, töfrar eða galdrur. Og má því bæta við, að sérhver athöfn, er skýrð verður eða leidd úr frá hjátrúarhugmyndum, verður að skoðast og skiljast sem töfrar eða fjölkyngi.

Hið fyrra þarfnað ekki skýringar við og ætti þetta hið síðara að vera einnig ljóst. Hugsum oss villimann, fanginn í allri væntanlegri hjátrú þjóðar sinnar, vera viðstaddan einhverjar eðlis eða efnafræðislegar rannsóknir vorra tíma. Enginn vafi er á því, að hann myndi skoða þann, sem tilraunina gjörði, háska-legan töframann. Frá hans sjónarmiði hlyti sá, er þvíslku til leiðar kæmi, að hafa yfir afar voldugum öndum að bjóða. Með öðrum orðum, hann skoðaði þar alveg náttúrlega fyrirburði sem töfrabréögð eða galdrur.